

12. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 54, 3. nóvember 1915, um stofnun Brunabótasfjelds Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Ákvæði laga nr. 54, 3. nóvember 1915, um að engin ein váttryggingarupphæð lausafjár megi nema meiru en 6000 krónum og að fjelagið tryggi að eins $\frac{1}{6}$ eða $\frac{2}{3}$ hluta verðs, ná eigi til váttrygginga, sem landsstjórnin kann að

semja sjerstaklega um við fjelagið. Vátryggingar þessar getur fjelagið tekið að sjer án þess að takmörk sjeu sett fyrir einstökum vátryggingarupphæðum og þannig, að fult verð sje trygt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðastliðnu sumri og hausti átti landsstjórnin, samkvæmt samningnum við Bandamenn, að sjá um brunatryggingu á allmiklu af íslenskum afurðum, sem flytja átti til útlanda. Stjórnarráðinu og Brunabótafjelagi Íslands þótti æskilegt, að Brunabótafjelagið tæki að sjer vátryggingu á vörum þessum, þar sem hjer var um að ræða heldur áhættulitlar tryggingar og því gott tækifæri til að auka hag fjelagsins með tryggingum þessum. Eftir að Brunabótafjelagið hafði fengið endurtryggingarfjelag sitt til þess að samtryggja með sjer áhættur þessar, voru gefin út bráðabirgðalög 5. okt. 1918 samhljóða frumvarpi þessu, sem hjer með er lagt fyrir Alþingi, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

breyting á lögum nr. 54, 3. nóvember 1915, um stofnun Brunabótafjelags Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð upp hefir verið borið fyrir Oss, að æskilegt sje vegna vátrygginga, sem landstjórnin hefir í hyggju að semja um við Brunabótafjelag Íslands, að breytt sje ákvæðum laga nr. 54, 3. nóvember 1915, um að fjelagið megi taka að sjer lausafjártryggingar, er nemi í einni vátryggingarupphæð meiru en 6000 kr. og að vátrygði skuli jafnan bera nokkurn hluta áhættunnar, hvorttveggja að því er við kemur vátryggingum landstjórnarinnar, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ákvæði laga nr. 54, 3. nóvember 1915, um að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár megi nema meir en 6000 krónum og að fjelagið tryggji að eins $\frac{5}{6}$

eða $\frac{2}{3}$ hluta verðs, ná eigi til váttrygginga sem landstjórnin kann að semja sjer-
staklega um við fjelagið. Váttryggingar þessar getur fjelagið tekið að sjer án þess
að takmörk sjeu sett fyrir einstökum váttryggingarupphæðum og þannig að fult
verð sje trygt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll 5. október 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.